

Heilbrigðis- og tryggingarnefnd
Alþingi
150 Reykjavík

Erindi nr. 117 11267
Kvinnudagur 11/14 1994

SKÚLAGÖTU 26,
101 REYKJAVÍK,
SÍMI 91-625000,
TELEFAX 91-624666,
PÓSTHÓLF 1096,
121 REYKJAVÍK.

7. apríl 1994

Umsögn um frumvarp til laga um váttryggingarstarfsemi.

Neytendasamtökin lýsa yfir stuðningi við framkomið frumvarp til laga um váttryggingarstarfsemi og telja það í heild til bóta miðaða við núverandi löggjöf og hvetja til þess, að það verði afgreitt áður en Alþingi verður slitið nú í vor.


Neytendasamtökin benda á eftirfarandi varðandi umrætt frumvarp.

4. mgr. 55. gr. frumvarpsins.

Neytendasamtökin telja mjög mikilvægt að Neytendamáladeild Váttryggingareftirlitsins reki virka upplýsingastarfsemi m.a. vegna þess að búast má við því að fleiri aðilar komi inn á íslenskan tryggingarmarkað á næstu árum. Einnig skiptir máli að Neytendamáladeild geti jafnan leiðbeint neytendum varðandi mismunandi tryggingarskilmála auk þess að veita fólki ráðgjöf um nauðsyn tryggingar í viðkomandi tilviki. Það má líka gera ráð fyrir því að váttryggingarmiðlarar komi til skjalanna í auknum mæli við þær breyttu aðstæður sem framaundan eru. Þrátt fyrir það að sett séu sjálfsgöð skilyrði í 3. mgr. 82. gr. um miðlun þeirra á hlutlægum upplýsingum, þá liggur samt fyrir að eðli máls samkvæmt þá hljóta váttryggingarmiðlarar jafnan að taka mið af atvinnuhagsmunum sínum sem eru fólgnir í því að selja tryggingar. Ekki er farið fram á breytingu á frumvarpinu í þessu sambandi en bent á að hægt er að koma þessu til skila bæði í nefndaráliti eða framsögu fyrir frumvarpinu á þingi, þannig að þeir sem koma til með að stjórna og starfa við viðkomandi Neytendamáladeild viti þá til hvers er ætlast af deildinni.

Neytendasamtökin lýsa yfir stuðningi við frumvarpið að öðru leyti. Neytendasamtökin telja þó fulla þörf á því að sett verði löggjöf til frekari tryggingar fyrir hagsmunum neytenda svo sem gert er bæði í Danmörku (Forsikringsaftaleloven nr. 726/1986) og í Svíþjóð með (Konsumentforsikringslag nr. 38/1980).

Virðingarfyllt,
f.h. Neytendasamtakanna



Johannes Gunnarsson, formaður